

Skipulagsstofnun  
Mathildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

14. mars 2018  
UST201802-262/R.K.  
08.12.00

**Efni: Matskyldufyrirspurn – Uppbygging alifuglabús við Meiri-Tungu 2. Umsögn.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdarlysing**

Ráðgert er að hefja uppbyggingu á alifuglabúi með viðbót þriðja eldiskússins við Meiri-Tungu 2 í Rangárþingi ytra. Fyrir eru tvö eldiskús sem rúma 13.000 kjúklinga hvor, í 800 m<sup>2</sup> rými. Áætlað er að þriðja húsið verði í sömu stærð og er því áætluð heildarstærð bús 2.400 m<sup>2</sup>, þar sem eldisrými í húsum er um 685 m<sup>2</sup>. Alls mun þauleldi við Meiri-Tungu 2 vera með stæði fyrir allt að 39.000 fugla.

Þar sem fyrirætlaður fjöldi fugla er <40.000 fuglar fellur reksturinn ekki undir ákvæði 6.6 í I. viðauka reglugerðar nr. 785/1999, heldur undir lið 6.2 í fylgiskjali 2 í reglugerðinni og þar með í eftirlitsflokk 3.

Endurnýja verður starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Umhverfisstofnun bendir á að skv. starfsleyfisskilurðum Meiri-Tungu 2 frá 2016 er núgildandi leyfi upp á 24.000 fugla í hverri framleiðslulotu á búinu, 12.000 fugla í hvoru húsi, en ekki 13.000 fugla og þar með 26.000 fugla í senn í búinu líkt og upplýsingar í greinagerð segja til um. Þá má gera ráð fyrir að viðbót þriðja húss í sömu stærð gefi leyfi á sama fjölda kjúklinga í húsi á hverjum tíma. Það gerir alls heimild fyrir 36.000 kjúklinga í hverri framleiðslulotu en ekki 39.000. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allar upplýsingar frá rekstraraðila í greinagerð séu í samræmi við gildandi starfsleyfisskilyrði og að áform um aukningu fylgi þeim ákvæðum.

## Umhverfisáhrif

Í greinagerð kemur fram að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar varða meðhöndlun úrgangs, fráveitumál og loftmengun. Auk þess má nefna sjónræn áhrif framleiðslu-aukningar búsins.

### Meðhöndlun úrgangs

Fram kemur í greinagerð að við núverandi eldi falli til 350 m<sup>3</sup> af hænsnaskít á ári. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfisskilurðum Meiri-Tungu 2 er talað um að 365 m<sup>3</sup> af hænsnaskít falli til árlega. Líkt og með fjölda fugla og stærð húsa telur Umhverfisstofnun eðlilegt að tölur frá rekstraraðila í greinagerð séu í samræmi við tölur í starfsleyfisskiliðum starfseminnar við Meiri-Tungu 2. Talið er að á búinu muni falla u.p.b. 525 m<sup>3</sup> af úrgangi yfir árið eftir viðbótina. Samkvæmt greinagerð verður úrgangur frá fugli nýttur á tún, í flög og til landgræðslu á tímabilinu 1. apríl til 15. október og að utan þess tímabils verði úrgangur geymdur í viðurkenndri hauggleymslu sbr. reglugerð nr. 785/1999. Þá liggur fyrir samningur um að dreifa úrgangi á allt að 55 ha (40 ha heimatún og 15 ha land Meiri-Tungu 1), auk þess sem 10 ha munu bætast við heimatún á næstu árum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreind áform um meðhöndlun úrgangs. Gæta skal þess að úrgangi sem dreift er á tún mengi ekki skurði eða læki.

Umhverfisstofnun vill benda á að út frá nýútgefnni BAT skýrslu „establishing best available techniques (BAT) conclusions, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs“ frá 2017, er farið yfir helstu ráðstafanir sem hægt er að gera í mengunarmálum. Þar sem rekstur með 39.000 fuglum er rétt undir þeim mörkum (40.000 fuglar) sem skýrslan fjallar um er rétt að stilla kröfur í samræmi við aðstæður við gerð nýs starfsleyfis að mati Umhverfisstofnunar. Áherslur í skýrslunni leiða í ljós að sterkelega hlýtur að koma til greina að setja í starfsleyfi ákvæði um næringarefnastjórnun í fóðurgjöfinni. Rétt fóðurgjöf getur samkvæmt skýrslunni lágmarkað losun næringarefna frá skítnum. Með því að aðlaga fóðurgjöf vel að þörfum fuglanna er hægt að lágmarka losun vegna ómelts köfnunarefnis (bls. 7). Umhverfisstofnun leggur til að ákvæði sé í starfsleyfi um að takmarka losun köfnunarefnis með næringarefnastjórnun. Rétt væri að rekstraraðili standi skil á þessu með því að gefa reglulega skýrslu eða minnisblað um starfshætti sína hvað þetta varðar. Þar að auki bendir Umhverfisstofnun á að skv. BAT er hægt að minnka losun lífrænna efna frá úrgangi umtalsvert ef hann er þurrkaður sem fyrst (bls. 17) sem einnig er hægt að taka mið af við gerð nýs starfsleyfis svo það sé í samræmi við bestu aðgengilegu tækni.

### Fráveita

Í greinagerð segir: „Frárennslí verður leitt í hreinsivirkri vestan við byggingarnar og verður frágangur í samræmi við reglugerð nr. 798/1999“ (bls.8). Þá kemur fram að ekkert vatnsból er nálægt vætanlegu framkvæmdarsvæði. Umhverfisstofnun telur að frekari umfjöllun um rotþrær á svæðinu, fjöldi þeirra og stærð (L), hefði verið ákjósanleg í greinagerð. Auk reglugerðar sem vitnað er í í greinagerð vekur stofnunin athygli á reglugerðum nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstrur sem getur haft í för með

sér mengun, nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, og nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á 7. gr. síðast nefndrar reglugerðar nr. 804/1999 sem kveður á um að mið skal tekið af starfsreglum um góða búskaparhætti.

### **Loftmengun og sjónræn áhrif**

Í greinagerð matskyldufyrirspurnar kemur fram að búið stendur á 3 ha lóð og að engin íbúðarhús né fyrirtæki séu nær eldihúsum en 500 m. Svæðið er ekki verndað með lögum og engar þekktar minjar eru þar að finna.

Fram kemur í greinagerð að leitast skal við að dreifa hænsnaskít á tún þegar vindátt standi ekki að nærliggjandi byggð. Þá er tekið fram að viðbót rekstraraðila er undir viðmiðum reglugerðar nr. 520/2015 um fjarlægðarmörk en að byggð sé allstaðar í meira en 500 m fjarlægð, líkt og áður sagði, og að lykt muni ekki berast að svæðum þar sem íbúðarhús eru staðsett við ríkjandi NA-átt. Þá er tekið fram að í vissum vindáttum kemur til með að finnast einhver lykt í næstu mannabústöðum og fyrirtækjum. Umhverfisstofnun telur að líklegt sé að lykt muni berast, í auknu magni í samræmi við framleiðsluaukningu, að íbúðarhúsum við viðeigandi vindáttir með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa.

Umhverfisstofnun tekur undir með rekstraraðila í greinagerð um að sjónræn áhrif umfram þau sem nú þegar eru verða ekki mikil þar sem um ræðir viðbót þriðja eldihússins af sömu stærð og þau tvö sem eru til staðar fyrir.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur það hlutverk leyfisveitanda að ákveða hvort ásættanlegt sé að stækka búið með tilliti til næstu nágranna sbr. reglugerð nr. 520/2015 um eldihús alifugla ofl.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri